

Verkmenntaskólinn á Akureyri

# Dansk grammatik

## 6. udgave

### **lære<sup>2</sup>**

ORDKLASSE: verbum

BØJES: **lærer, lærte, lært**

DELES: læ-re

**1.** = få viden og øvelse i noget

**2.** = give viden og øvelse i noget; **undervise**

### **dansk<sup>1</sup>**

ORDKLASSE: substantiv (**et**)

**1.** = sprog som tales i Danmark • **tale dansk**

**2.** = skolefag hvor man lærer at læse og skrive samt at forstå og producere tekster

### **grammatik**

ORDKLASSE: substantiv (**en**)

BØJES: **grammatikken, grammatikker, grammatikkerne**

DELES: gram-ma-tik

**1.** = læren om hvordan et sprogs sætninger opbygges • **eleverne skulle lære tysk grammatik**

**2.** = lærebog om grammatik • **hun købte en tysk grammatik**

## EFNISYFIRLIT

<b>FRAMBURÐUR.....</b>	<b>2</b>
<b>ORÐABÓK.....</b>	<b>4</b>
<b>NAFNORD.....</b>	<b>7</b>
KYN	8
ÓÁKVEDINN GREINIR	8
ÁKVEDINN GREINIR EINTÖLU	9
FLEIRTALA NAFNORDA	10
ÁKVEDIN GREINIR Í FLEIRTÖLU	12
EIGNARFALL	14
<b>SAGNORD.....</b>	<b>17</b>
NAFNHÁTTUR	17
BODHÁTTUR	18
NÚTÍÐ	19
HJÁLPARSAGNIR	21
VÉIKAR SAGNIR	22
STERKAR SAGNIR	22
NÚPÁLEGAR SAGNIR	27
POLMYND	
30	
<b>LÝSINGARORD.....</b>	<b>33</b>
BEYGING LÝSINGARORDA	33
ÁKVEDIN BEYGING LÝSINGARORDA	34
<i>Undantekningar</i>	
37	
STIGBREYTING	41
<b>FORNÖFN.....</b>	<b>45</b>
PERSÓNUFORNÖFN	45
EIGNARFORNÖFN	47
ÁBENDINGARFORNÖFN	51
ÓÁKVEDIN FORNÖFN	53
SPURNARORD	54
TÓLUORD	
56	
RAÐTÖLUR	58
<b>TÍMASETNINGAR.....</b>	<b>60</b>
ADRAR ALMENNAR TÍMASETNINGAR	60
<b>ORDSAMBOÐ – FORSETNINGAR.....</b>	<b>62</b>
<b>ÝMIS ATVIKSORD.....</b>	<b>64</b>
NÁR/DA (ÞEGAR)	64
OM/HVIS	
65	
DET/DER (ÞAD)	
ORDARÓÐ	65
66	
<b>LISTI YFIR ÝMIS SMÁORD.....</b>	<b>67</b>
<b>LISTI YFIR STERKAR SAGNIR (EKKI TÆMANDI).....</b>	<b>67</b>
Ýmsir stílar	69

# Framburður

Það sem þarf að leggja sérstaka áherslu á, þegar verið er að æfa framburð á dönsku, eru sérhljóðarnir, enda eru þeir margir allt öðru vísi en í íslensku. Hér verður reynt að skrifa danska framburðinn á íslensku en það er hins vegar ekki nema til að gefa hugmynd og getur aldrei orðið nákvæmt.

stafur	framburður	dæmi um orð	framburður
a	a /e	aldrig – nat	aldrí – nett
b	bi	bil	bíl
c	si	center	sen–dö
d	di	dyr	duaj
e	i	ego	igó
f	eff	fire	fiö
g	gi	glas	gless
h	ho	humør	hú–möa
i	í	is	ís
j	joðð	juni	júní
k	ko	køre	kö–a
l	ell (mjúkt)	ligge	liggö
m	emm	meget	mæjöð
n	enn	ny	nuj
o	ó (o)	bog – op	bó – opp
p	pi	pige	pí–ö
q	kú	quis	kvis
r	e–a(r)	rum – være	(rúm) – ve–ö
s	ess	sende	sennö
t	ti	tale	telö
u	ú	ude	úðö
v	vi	vide	víðö
w	dobbelt vi	weekend	vík–end
x	ex	sex	sex
y	uj	by	buj
z	sedd	zoo	sú
æ	e	bære	be–ö
ø	u/ö	øl – øm	ull – ömm
å	o	hånd	honn

## Að auki eru ýmsar samsetningar sem þarf að þekkja:

av	á	havn	há–n
eg/ej	æ	jeg – sez	jæ – sæ
ig	í	dejlig	dæ–lí
hv	v	hvem	vemm
hj	j	hjem	jemm
ld	ll	holde	hollö
nd	nn	finde	finnö
ds	ss	pudse	pússö
rd	hljóðlaust d	bord	bo–a
d	ð	bade	beðö
au	á	august	á–Gúst
øj/øg	oj	løj – lög	loj
		det	di
		de	dí

**Athugið** einnig að **áhersla** skiptir gríðarlega miklu máli. Hún er venjulega táknuð með kommu inni í orði og áherslan kemur á eftir kommunni. Au'gust er þannig með áherslu inni í miðju orði. Eins að einstaka orð eru borin fram miðað við það tungumál sem það kemur úr.

## Opgave 1

**Æfðou framburðinn á eftirtöldum orðum:**

hljóð

e	næse	læbe	være	tænke
	læge	glæde	kæle	vække
ú	ud	jul	hus	tude
	du	hun	kun	hue
o	skål	på	få	må
	stå	håbe	låse	år
u	øl	sød	møde	købe
	tøve	pølse	kød	blød
ö	køre	hørte	øre	søn
	svømme	tømme	løn	grøn
uj	lyde	by	skyde	nyde
	syg	jyde	tyve	fryse
u	synd	hyggelig	lykke	lytte
	kysse	synge	bygge	skynde
aj	lege	jeg	skreg	bleg
	pege	vej	nej	rejse
v	hvem	hvor	hvis	hvad
j	hjem	hjælpe	hjul	hjerte
ð	ud	med	lyd	båd
	måde	bede	hedde	mode
ll	kalde	falde	fjeld	fuld

## Opgave 2

**Æfðou áherslurnar í eftifarandi orðum:**

be'gynde	ci'tron	ek'samen	for'budt	geogra'fi
hum'ør	i'gen	ja'paner	kar'toffel	melo'di
na'zist	opera'tion	popu'lær	re'tur	sep'tember
ser'vere	to'bak	unor'mal	varia'tion	Øko'nomisk

## NANNA (Kim Larsen)

Fylltu inn orðin sem vantar í textann:

Nanna med den røde \_\_\_\_\_

og lange sorte \_\_\_\_\_,

hun drikker og hun er lidt \_\_\_\_\_

så hun er \_\_\_\_\_

"Det er så trist, det er så trist," \_\_\_\_\_ de.

Nanna med den røde \_\_\_\_\_

og lange sorte \_\_\_\_\_,

hun har to \_\_\_\_\_ og otte \_\_\_\_\_,

så hun er \_\_\_\_\_

"Det er så trist, det er så trist," \_\_\_\_\_ de.

Nanna med den røde \_\_\_\_\_

og lange sorte \_\_\_\_\_,

hun \_\_\_\_\_ og får dem til at \_\_\_\_\_.

- Hør, sig \_\_\_\_\_ hvad er der egentligt \_\_\_\_\_?"

"Det er så trist, det er så trist," \_\_\_\_\_ de.

La-ba-etc.

## Orðabók

Það er ekki hægt að leggja nógu mikla áherslu á hversu nauðsynlegt hjálpartæki orðabók er þegar kemur að tungumálanámi. Í þessum efnunum gildir sú regla, því stærri (og dýrari), því betri. Góð orðabók er lífstíðareign.

Góð orðabók getur nýst manni á ýmsa vegu, því fyrir utan að sýna þýðingu orða sýna betri orðabækur einnig leiðbeiningar um framburð og málfræðibeygingar. Venjulega er hægt að finna leiðbeiningar um notkun hverrar bókar fremst í henni en hér verður farið í hvaða upplýsingar við getum fundið

Í fyrsta lagi er það **orðflokkur**. Það er mikilvægt að vera vakandi fyrir honum, orð sem eru alveg eins geta verið í tveimur orðflokum.

Eftirfarandi orðflokkahéiti/styttingar eru algengastar:

Pol – ný útg.	Pol. gömul	Dansk-ísl	býðing
subst.(antiv)	navneord	no. / n.	nafnorð
verb.(um)	udsagnsord	so. / s.	sagnorð
adj.(ektiv)	tillægsord	lo. /l.	lysingarorð
pron. (omen)	stedord	fn.	fornafn

Í öðru lagi eru það **beygingar**, mismunandi eftir orðflokkum.

*Politikens rettskrivnings- og betydningsordbog* sýnir allar helstu málfræðibeygingar. Við **nafnorð** stendur fyrst óákveðni greinir eintölu í sviga, síðan kemur ákveðin eintala (eintala með greini), svo óákveðin fleirtala og loks ákveðin fleirtala (fleirtala með greini). Þetta eru því allir möguleikar sem koma til greina. Við **sagnorð** standa alltaf möguleikarnir nútíð, þátíð og síðast lýsingarháttur þátíðar. Við **lysingarorð** standa fyrst hvorugkynsbeyging, þá fleirtala/ákveðin beyging og loks er gefin upp stigbreyting, miðstig og efstastig. Við **persónufornöfn** er gefið upp aukafall (andlagsfall) en einnig það eignarfornafn sem á við viðkomandi persónufornafn.

Í flestum öðrum orðabókum eru upplýsingarnar takmarkaðri. Venjulega eru það fyrst og fremst beygingar nafnorða og sagnorða sem eru sýndar, þó sýna sumar orðabækur beygingu lýsingarorða. Þessar orðabækur sýna flestar bara endingu sem orðið fær.

Við **nafnorð** standa endingarnar sem þau fá í eintölu með greini og hvernig fleirtala lítur út. *Dæmi*; dreng, n. –en, –e. Þetta orð er nafnorð og með greini verður það “drengen” og í fleirtölu “drenge”. Fyrri endingin (greinirinn) segir okkur líka hvort nafnorðið sé samkyn eða hvorugkyn (–en, –et) en seinni endingin sýnir okkur endinguna sem nafnorðið fær í fleirtölu. Ef það kemur bandstrik (–) þar sem fleirtoluendingin á að vera, býðir það að nafnorðið sé eins í eintölu og fleirtölu, en ef það kemur deilingarmerki (÷) býðir það að nafnorðið sé ekki til í fleirtölu. Fleirtala óreglulegra nafnorða er skrifuð. *Dæmi*; mand, n. –en, **mænd**.

Við **veik sagnorð** (regluleg) stendur ending í þátíð. *Dæmi*; arbejde, s. –ede. Þetta orð er sagnorð (reglulegt af því að það eru margar sagnir sem enda svona) og verður í þátíð “arbejdede”.

Við **sterk sagnorð** (óregluleg) standa bæði beyging í þátíð og lýsingarhætti þátíðar. *Dæmi*; gå, s. gik, gået. Þannig er sögnin “gik” í þátíð og “gået” í lýsingarhætti þátíðar. Athugið að sterkar sagnir eru venjulega teknar saman fremst eða aftast í orðabók.

Við **lýsingarorð** stendur beyging ef þau stigbreytast með “mere” og “mest” eða stigbreytast óreglulega. Venjuleg stigbreyting er – ere í miðstigi og –(e)st í efstastigi og þá reglu á maður að þekkja. Orðabókin sýnir þannig bara það sem er óreglulegt. *Dæmi*; nervøs, l. mere n., sem þýðir að “nervøs” er lýsingarorð sem stigbreytist með “mere” í miðstigi og “mest” í efstastigi; god, l. bedre, bedst, sem þýðir að “god” sé lýsingarorð sem stigbreytist “bedre” í miðstigi og “bedst” í efstastigi.

### Opgave 3

**Finndu eftirfarandi nafnorð í orðabók og fylltu inn beygingarnar sem vantar:**

en/et	óákveðin eintala	ákv. eintala	óákv. fleirt.	ákv. fleirt.
en	computer	computeren	computere	computerne
	viskelæder			
	bog			
	stol			
	lejlighed			

**Finndu eftirfarandi sagnorð í orðabók og skrifaðu þær beygingar sem hún gefur:**

nafnháttur	nútíð	pátíð	lýsingarh. pátíðar
gå	går	gik	gået
være			
finde			
komme			
sove			
blive			
snakke			
kysse			
bage			
dræbe			

## **Finndu eftirfarandi lýsingarorð í orðabók og skrifaðu þær beygingar sem þú finnur:**

eintala, samk.	et – hvk	fleirt./ákv.	miðstig	efstastig
glad	gladt	glade	gladere	gladest
smuk				
sulten				
genert				
ond				
interessant				
simpel				
lang				
få				

Þegar búið er að kynna og æfa einstök málfræðiatriði er vísað á æfingar á vef Verkmenntaskólans (<http://hyrna.vma.is/Fjarkennsla/Danska/>) fyrir þá sem vilja æfa eitthvað frekar.

## **Nafnorð**

Nafnorð eru orð sem eru heiti á hlutum, tilfinningum o.s.fr. Þau eru til í eintölu og fleirtölu, óákveðin og ákveðin.

### **Opgave 4**

**Strikaðu undir öll nafnorðin í textanum:**

Der var engang en mand. Han havde en sön og en datter.

Datteren ønskede sig et kæledyr, men det skulle ikke være hvad som helst, nej, hun ville enten få en slange eller en mus. Hun havde engang haft en fugl men nu var fuglen død. Svin var faktisk hendes yndlings dyr men det var nu ikke så godt at holde et svin i en lille lejlighed i byen.

## Kyn

Nafnorð á dönsku skiptast í tvö kyn.

**Samkyn**, samsvarar því þegar við notum karlkyn eða kvenkyn á íslensku.

Eftirtalin orð eru þó hvorugkyn á íslensku en samkyn á dönsku;

ferie	luft	kaffe	vin	cykel	rede
blomst	streg	te	næse	aften	bøf
sommer	radio	avis	lyd		

**Hvorugkyn**, samsvarar hvorugkyni á íslensku.

Eftirtalin orð eru þó annað hvort karlkyn eða kvenkyn á íslensku en hvorugkyn á dönsku;

håb	arbejde	vindue	papir	skab	tårn
billedede	tog	sukker	spejl	sand	sted

## Óákveðinn greinir

Á dönsku þarf maður að muna að hafa óákveðinn greini á undan nafnorðum í eintölu (sbr. a og an í ensku).

Þessir greinar heita **en** og **et** og það er kyn nafnorðanna sem ræður hvor greinirinn kemur. Athugið að greinirinn er aldrei þýddur, þó svo hann vísi í raun til að við séum að tala um eitt stykki af einhverju. Hann er þar af leiðandi heldur aldrei notaður í fleirtölu.

**En** kemur á undan orðum sem eru samkyn, en stol, en elefant, en kirke. (Minn og míni á íslensku).

**Et** kemur á undan orðum sem eru hvorugkyn, et land, et gulv. (Mitt á íslensku).

Frá þessu eru undantekningar. Maður setur **ekki en** eða **et** á undan eftirtöldum orðum.

- Öll orð sem tákna eitthvað sem ekki er hægt að telja. Það er ekki hægt að segja "Jeg drikker en mælk". Ástæðan er sú að mjólk er eitthvað sem við teljum ekki. Við vitum ekki hversu mikil af mjólk þetta er.
- Föst orðasambönd (oft það sem tákna ekki einn hlut). Það er ekki hægt að segja "han spiller på en fløjte" í merkingunni "hann spilar á flautu". Ef við segðum þetta svona þá værum við í raun að segja að hann gæti bara spilað á eina flautu.
- Orð sem eru atvinnuheiti, þjóðerni eða trúarhópur. Þessi regla gildir samt bara með sögnunum "være" og "blive" (vera og verða). Þannig er ekki rétt að segja "jeg er en íslænding" en það er í lagi að segja "jeg kender en íslænding".
- Athugið samt að þessi regla gildir ekki þegar lýsingarorð standa með þjóðar-, atvinnu-, eða trúarheiti. Þá notum við alltaf greini. "Jeg er en kendt íslænding."

## Opgave 5

### Hvar á að koma en eða et og hvar ekki?

Her ser du \_\_\_\_ dreng. Han har \_\_\_\_ bold og \_\_\_\_ tog. Jeg så \_\_\_\_ dame gå hen ad \_\_\_\_ gade. Min bror spiser aldrig \_\_\_\_ ost men han kan godt lide at drikke \_\_\_\_ juice. Jens kører \_\_\_\_ bil. Mias mand er \_\_\_\_ lærer. I hendes gade bor \_\_\_\_ svensker som er \_\_\_\_ god bager.

### Ákveðinn greinir eintölu

Ákveðni greinirinn fer, eins og sá óákveðni, eftir því hvort nafnorðið er samkyn eða hvorugkyn. Hann bætist aftan á nafnorðið og má segja að þetta sé eins og á íslensku.

Þegar við erum að tala um einhvern mann segjum við "en mand" en þegar við erum að tala um ákveðinn mann (manninn) þá segjum við "manden".

Þarna er búið að flytja greininn aftan á orðið.

Dæmi: en dreng – drengen, et bord – bordet

**Athugið:** Yfirleitt koma ekki tvö **e** hlið við hlið. Þar af leiðandi setjum við bara **-n** eða **-t** aftan á orð sem enda á **e**.

Dæmi: En pige verður ekki pigeen, heldur pigein.

Ákveðinn greinir er fyrsta endingin sem orðabókin sýnir við nafnorð. Ef við flettum til dæmis upp á orðinu "pige" í orðabók, myndum við fá eftirfarandi upplýsingar:

**pige, n. –n, –r**

n. þýðir að orðið sé nafnorð (í sumum orðabókum stendur no.).

**-n** er greinirinn sem orðið fær í eintölu, "pigen" (stelpan).

**-r** er fleirtöluendingin, "piger" (stelpur), fleirtala verður úrskýrð betur síðar..

## Opgave 6

**Hvernig verða eftirtalin orð þegar er búið að bæta ákveðnum greini við þau? Hérna er vissara að nota orðabókina til að sjá rétta endingu.**

fisk	_____	flue	_____	dyr	_____
ko	_____	billedе	_____	aften	_____
land	_____	håb	_____		

## Opgave 7

Þýddu eftirfarandi setningar á dönsku:

Ég á hund og kött.

---

Hundurinn heitir Voks og kötturinn heitir Misser.

---

Voks borðar oft köku en aldrei kjöt.

---

Kjötið er hollara (sundere) en kakan.

---

Konan les blaðið en maðurinn hlustar á (lytte til) útvarpið.

---

Hjólið stendur við gluggann.

---

Þetta má æfa betur á:

<http://hyrna.vma.is/Fjarkennsla/Danska/102/dan10201b.html>

### **Fleirtala nafnorða**

Flest nafnorð breytast í fleirtölu með því að bæta endingu við eintöluna.

Fleirtöluendingin er sýnd í orðabókinni.

–e    hus – huse, dreng – drenge. Þetta eru orð sem líkjast íslensku og hafa aðeins eitt atkvæði (einn sérljóða).

–r    pige – piger, æble – æbler. Orð sem enda á –e í eintölu bæta við sig –r í fleirtölu.

–er    måned – måneder, by – byer. Þetta eru orð sem hafa fleiri en eitt atkvæði (sérljóða) eða stutt orð sem enda á sérljóða. Nokkur orð eru eins í eintölu og fleirtölu. Orðabókin sýnir –. et dyr – mange dyr.

Að lokum eru það orð sem hafa óreglulega fleirtölu, þá sýnir orðabókin fleirtöluna.

**Hljóðvarp** – Það þýðir að sérljóði í orðinu er ekki sami í eintölu og fleirtölu. Mörg þessara orða breytast líka þannig í íslensku.

- mand/mænd

**Brottfall** – Það þýðir að einhver stafur hefur fallið burt í fleirtölunni. Gerist einkum í orðum sem enda á –el, –er og –en.

- cykel/cykler


**Tvöföldun** – Þetta gerist venjulega í stuttum orðum sem enda á samhljóða, breytingin er þá þannig að sað samhljóði verður tvöfaldur í

fleirtölu. Athugið að þessi breyting á sér einnig stað þegar ákveðinn greinir bætist við orðið.

- ven/venner

### Opgave 8

Settu orðin í fleirtölu inn í krossgátuna:



#### VANDRET

2. datter
3. billet
5. skab
6. ven
7. billede
8. skib
10. hånd
11. ting
12. bror

#### LODRET

1. cigaret
2. dreng
4. nabo
8. søster
9. lærer



## Opgave 9

Skrifaðu réttan greini fyrir framan eftirfarandi orð og breyttu þeim í fleirtölu.

Mundu að ef fyrri endingin í orðabókinni er annað hvort –en eða –n, kemur en á undan orðinu, en ef orðabókin sýnir annað hvort –et eða –t, kemur et á undan orðinu.

Seinni endingin er svo það sem orðið bætir við sig í fleirtölu.

mange ...

—	hund	_____
—	barn	_____
—	billet	_____
—	brev	_____
—	værelse	_____
—	avis	_____
—	radio	_____
—	år	_____
—	tog	_____
—	bog	_____
—	søn	_____
—	seddel	_____

### Ákveðin greinir í fleirtölu

Ákveðinn greinir í fleirtölu er tvenns konar.

Þau orð sem fá reglulega endingu í fleirtölu bæta við sig –ne.

Uger–ne, soldater–ne

Þau orð sem annað hvort eru eins í eintölu og fleirtölu eða fá ekki endingu bæta við sig –ene.

film/film–ene, år/år–ene, mand/mænd–ene

**Athugið:** mange lærere – alle lærerne. Það verður brottafall í atvinnu– og þjóðarheitum sem enda á –er í eintölu. Þetta virkar í raun eins og fleirtölugreininum sé bætt aftan á eintölu.

## Opgave 10

Fylltu inn það sem vantar í kassann:

óákv. eintala	ákv. eintala	óákv. fleirtala	ákv. fleirtala
et land	land–et	land–e	lande–ne
en stol			
et træ			
en nat			
et sprog			
en kammerat			
et øje			
en dansker			

## Opgave 11

Þýddu setningarnar á dönsku:

Það eru margar götur í bænum.

---

Ég bý í húsi með garði.

---

Í garðinum eru mörg blóm og tré.

---

Börnin keyptu (købte) miða á tónleikana.

---

Nemendurnir eiga margar bækur.

---

Ég sá bíómynd eftir Lars Von Trier í gær.

---

Nú hef ég séð þrjár myndir eftir hann.

---

Þetta má æfa betur á:

<http://hyrna.vma.is/Fjarkennsla/Danska/102/dan10202b.html>

<http://hyrna.vma.is/Fjarkennsla/Danska/102/dan10203b.html>

## **Eignarfall**

Eignarfall myndast með því að bæta **-s** aftan á nafnorðið (-es eða -'s ef nafnorðið endar á -s). Orðaröðin snýst við miðað við íslensku, þ.e. fyrst kemur eigandinn, síðan eignin.

*Dæmi:* Det er min datters værelse. Her ser du Jenses hus.

## **Opgave 12**

Breyttu setningunum í eignarfall:

Ole har en bil. *Det er Oles bil.*

Min ven har en jakke.

---

Mads har mange biler.

---

Konen har to døtre.

---

Hunden har mange hvalpe.

---

## **Opgave 13**

Býddu setningarnar á dönsku:

Sonur mannsins er kennari.

---

Bíll konunnar er rauður.

---

Systir vinkonu minnar keypti hús löggreglumannsins.

---

Hjól barnanna eru úti í garðinum (en have).

---

Lise er mamma Sørens.

---

Þetta má æfa betur á:

<http://hyrna.vma.is/Fjarkennsla/Danska/102/dan10203c.html>

## Opgave 14

### Vuffeli – vov – Shu–bi–dua

Hlustaðu á lagið, fylltu inn orðin sem vantar í textann og settu svo minnst 6 nafnorð úr honum inn í töfluna og ljúktu við hana:

Jeg har en hund med fire \_\_\_\_\_

en på hver sit ben

Bagpå sidder \_\_\_\_\_ fast og vipper

Forrest sidder snuden

og når man rører ved

kan man \_\_\_\_\_ om den sku' ha' feber

*Du kan få kvinder og kager*

*og jordbær for sjov*

*Men der er intet så skønt*

*som en vuffeli–vov*

Og når min hund skal ud om \_\_\_\_\_

og løfte venstre ben

Så går vi ned og \_\_\_\_\_ lygtepælen

og når vi så har niflet

ska' vi ha' en lille én

For vi ved at øl er meget \_\_\_\_\_ for sjælen

En hund ka' gå i skole

og lær' en \_\_\_\_\_ sprog

Det troed' jeg egentlig ikke at de kunne

Men de går \_\_\_\_\_ og snuser

til mangt en lærebog

og såd'n vil det altid \_\_\_\_\_ med hunde

óákv. eintala	ákv. eintala	óákv. fleirtala	ákv. fleirtala
en pote	poten	poter	poterne

## Upprifjun

Fylltu inn það sem vantar í kassann:

óákv. eintala	ákv. eintala	óákv. fleirtala	ákv. fleirtala
en stol			
	tæppet		
		gardiner	
			fiskene
et skab			
	cyklen		

		mennesker	
			kopperne

## **Þýddu setningarnar á dönsku:**

Hanne er stelpa sem elskar að horfa á myndir. Uppáhalds myndin hennar er með Viggo Mortensen. Hanne á mynd af Viggo sem hún geymir í skápnum með öðrum hlutum. Hún les mikið af bókum en sjaldan (sjældent) dagblöðin og hlustar ekki á útvarpið. Hanne finnst gaman að læra tungumál en henni finnst ekki gaman þegar (når) kennararnir leiðréttu (rette) allar villurnar.

Allir mennirnir eiga dætur en enga syni. Systurnar eiga þess vegna (derfor) enga bræður. Þetta eru skórnir hennar Marie. Hún á hjól sem hún notar (bruge) í vinnunni.

Frekari æfingar til upprifjunar finnur þú á:

<http://hyrna.vma.is/Fjarkennsla/Danska/202/dan20201a.html>  
<http://hyrna.vma.is/Fjarkennsla/Danska/202/dan20201b.html>

## **Sagnorð**

Sagnorð eru þau orð sem lýsa athöfnum, hvað við gerum. Þau beygjast í tíðum en ólíkt íslensku beygast þau ekki eftir persónum.

### **Opgave 15**

**Strikaðu undir sagnorðin í textanum:**

Jens og Stine er sytten år gamle og bor i København. De elsker at gå i byen men i lørdags havde de en ulykke. De tog i byen ved 10–tiden og kom ind på en café. Men da de sad og drak sin øl, faldt en ung mand på deres bord og brækkede deres glas og de fik glasskår over det hele.

### **Nafnháttur**

Þegar við erum að vinna með sagnorð þurfum við að þekkja nafnháttinn vegna þess að við miðum allar breytingar við hann og þegar við flettum upp í orðabók er það nafnhátturinn sem við finnum.

Nafnháttur er sögnin eins og hún kemur á eftir **at**. Hann endar venjulega á **-e** en þó enda sumar sagnir á öðrum sérljóða.

*Dæmi:* at læse, at tænke, at bo, at gå.

**Athugið** sögnina at synes (finnast), hún endar alltaf á **-s** og tekur persónuformönfn í nefnifalli.

*Dæmi:* jeg synes, du synes, han syntes (þátíð).

## **Boðháttur**

Boðháttur er notaður þegar er verið að skipa fyrir, að segja einhverjum að gera eitthvað. Til að mynda boðhátt tökum við –e aftan af nafnhættinum (þegar sögnin endar ekki á –e, er nafnháttur og boðháttur eins). Ef sögnin hefur tvöfaldan samhljóða, fellur annar brott í boðhætti. Boðháttur er ekki sýndur í venjulegum orðabókum, þess vegna þarf að kunna regluna utan að.

*Dæmi:* at læse – læs, at gå – gå, at snakke – snak.

**Athugið** að það koma ekki persónufornöfn á eftir boðhætti eins og í íslensku. Komdu/komið inn = kom ind.

## **Opgave 16**

**Strikaðu undir sagnirnar sem eru í boðhætti:**

Kom til København og oplev den helt specielle stemning. Gå på Strøget, kig ind i butikkerne, køb dansk design. Sæt dig ned med en øl eller spis en hotdog. Nyd alt det byen byder på.

**Hvernig eru þessi sagnorð í nafnhætti?**

## **Opgave 17**

**Settu rétta sögn inn í setningarnar og hafðu þær í boðhætti:**

finde, spise, gå, spille, besøge

os næste gang du er i byen!

din skoletaske nu, Søren!

din mad, ellers får du ingen is!

hjem nu! Det er ved at blive mørkt.

nu noget på klaver for os.



## Opgave 18

Þýddu setningarnar á dönsku:

Borðaðu matinn og drekktu mjólkina.

---

Komdu í heimsókn (på besøg) í kvöld.

---

Lestu bókina og segðu mér (fortælle) hvað þér finnst.

---

Kauptu miða í leikhúsið og farðu svo í bæinn og hittu (møde) mig.

---

Talaðu við mig í dag eða hringdu á morgun.

---

Sæktu (at hente) pakkann og komdu með hann.

---

### Nútíð

Nútíð myndast með því að bæta –r við sögnina í nafnhætti.

Dæmi: at læse, jeg læser.

Frá þessari reglu eru tíu undantekningar, sem þarf að kunna utan að.  
Fyrst skal telja sagnir sem kallast núþálegar sagnir og verður komið betur að síðar.

#### nafnháttur

at ville

at skulle

at kunne

at måtte

#### nútíð

jeg vil

jeg skal

jeg kan

jeg må

at turde

jeg tør

at burde

jeg bør

Hinar eru:

at have

jeg har

at være

jeg er

at vide

jeg ved



at gøre

jeg gør

**Athugið** að það er ekki málvenja að segja **er at...** eins og á íslensku. Þess í stað notar maður venjulega nútíð, "jeg læser". Í þeim tilfellum þar sem augljóslega er um stuttan tíma að ræða getur maður líka skotið inn "**ved**", "jeg er **ved** at læse".

### **Opgave 19**

**Strikaðu undir sagnirnar í nútíð:**

Jeg skal i biografen nu. Har du lyst til at komme med? Det tager kun ti minutter at gå til centrum og hvis vi kører med bussen, kun tre minutter. Jeg ved ikke hvilken film går i biografen men det finder vi ud af når vi kommer. Jeg er så glad for at se ham, Viggo Mortensen. Kan du også godt lide ham?

### **Opgave 20**

**Breyttu sögnunum þannig að þær standi í nútíð í setningunum:**

Han (at komme) \_\_\_\_\_ altid og (at besøge) \_\_\_\_\_ mig.

Jeg (at kunne) \_\_\_\_\_ slet ikke lide når du (at være)

\_\_\_\_\_ så sur. (at have) \_\_\_\_\_ du fundet din bog? Jeg (at

vide) \_\_\_\_\_ slet ikke hvor den er. Ole (at sidde) \_\_\_\_\_

og (at snakke) \_\_\_\_\_ i telefon. (At ville) \_\_\_\_\_ du komme

ud i aften eller (at skulle) \_\_\_\_\_ du noget andet?

### **Opgave 21**

**Þýddu setningarnar á dönsku:**

Kemur strákurinn á morgun?

---

Hvað ertu að gera? Ég er að læra heima.

---

Veistu hvort (om) strákarnir vilja borða pizzu?

---

Ég er með margar bækur í töskunni.

---

Ætlar þú að fara til Danmerkur?

---

Stelpurnar eru að tala saman á meðan (mens) þær horfa á sjónvarpið.

---

Hún getur ekki komið þó að (selv om) hún vilji það.

---

Ég held að hann megi koma til míni.

---

Þetta má æfa betur á:

<http://hyrna.vma.is/Fjarkennsla/Danska/102/dan10207b.html>

### **Hjálparsagnir**

í dönsku eru: **at have, at være, at blive**

Dæmi:

- Drengen HAR læst, cyklet, skrevet, malet, sunget.
- Pigen ER vokset, kørt, gået.
- Bogen BLIVER købt, skrevet, solgt (sbr. þolmynd).

Sagnir taka yfirleitt sömu hjálparsögn í dönsku og í íslensku. Hjálparsagnir eru annaðhvort í nútíð eða þátíð og sögnin sem þær standa með er alltaf í lýsingarhætti þátíðar.

### **ATH. Stundum er notkunun frábrugðin íslensku:**

- Det ER sket noget. (Eitthvað hefur gerst.)
- Det ER lykkedes. (Það hefur tekist.)
- Barnet ER vokset. (Barnið hefur stækkað.)
- Huset ER blevet malet. (Húsið hefur verið málað. Sbr. þolmynd)

**Ekstra opgave:** Finndu 5-7 hjálparsagnir í texta. Stríkaðu undir þær og skrifaðu þær svo niður ásamt sögnunum sem þær eiga við.

## **Veikar sagnir**

Sagnir eru veikar (reglulegar) ef þær fá ákveðna endingu í þátíð/lýsingarhætti þátíðar. Það eru tveir flokkar af reglulegum sögnum. Annars vegar þær sem fá **–te** endingu í þátíð (og **–t** í lýsingarhætti þátíðar) og hins vegar þær sem fá **–ede** endingu í þátíð (og **–et** í lýsingarhætti þátíðar). Þegar við flettum upp í orðabók er þátíðarendingin sýnd. Það er ekki hægt að ganga að því vísu að sagnir séu með svipaða endingu á íslensku og dönsku, þess vegna er vissara að fletta alltaf upp í orðabók.

*Dæmi:* arbejde, **–ede** > arbejd–ede (lh.pt. arbejd**et**), begynde, **–te** > begynd–te (lh.pt. begyndt). Endingin kemur aftan á sögnina þegar er búið að taka **–e** aftan af henni (stofn sagnarinnar/boðháttur). Í einstaka tilfellum getur það þýtt að það falli út samhljóði vegna þess að stofn sagnarinnar (boðháttur) endar aldrei á tvöföldum samhljóða. *Dæmi:* glemme, **-te** > glem–te (lh.pt. glemt).

**Athugið** að endingin sem sagnirnar fá í lýsingarhætti þátíðar er ekki sýnd í orðabók, þess vegna þarf að þekkja hana.

## **Sterkar sagnir**

Sagnir sem fá ekki sérstaka endingu í þátíð/lýsingarhætti þátíðar eru sterkar (óreglulegar). Allar helstu orðabækur eru með lista fremst eða aftast með þessum sögnum og þá er auðvelt að sjá hvernig beyging þeirra er.

**Athugið** að það er ekki málvenja að segja **var at...** (sbr. er at...). *Dæmi.* “Hunden gik ude i haven” (“var ved at gå...” um það sem tekur stuttan tíma) en ekki “Hunden var at gå ude i haven.”

## **Ekstra opgave**

### **Oversæt teksten til dansk:**

Braut strákurinn bollann? Sauð kjötið nógu lengi? Hrærðir þú aldrei í pottinum? Hugsaðir þú það sama? Hann kom í morgun og sótti kökurnar sem ég bakaði í gærkvöldi. Heyrðir þú þegar hann kallaði á þig? Hafa þau sýnt þér bæinn? Biðu þeir lengi? Börnin skældu af því að það rigndi svo mikil? Þegar Jette heimsótti okkur í gær, ákvað ég að baka þönnukökur.

## Opgave 22

Strikaðu undir allar sagnirnar sem standa í þátíð í textanum, skrífaðu 5 þeirra í töfluna og kláraðu töfluna:

Jens vågnede for sent i morges og kom derfor for sent i skole. Hans lærer var meget vred og bad ham om at regne et stykke på tavlen. Men Jens havde ikke lavet sine lektier så han kunne det ikke. Læreren sagde at han var alt for doven og skulle virkelig passe på. Men Jens hørte ingenting. Han så bare på pige som han var forelsket i og tænkte på hvad hun troede om ham. Det virkede som om hun slet ikke lagde mærke til ham og Jens følte sig dårligt på grund af det.

nafnháttur	boðháttur	nútíð	þátíð	lys.h.þát.
at vågne	vågn	vågner	<b>vågnede</b>	vågnet

## Opgave 23

Breyttu sögnunum þannig að þær standi í þátíð í textanum:

Manden (at komme) \_\_\_\_\_ hjem efter en lang dag på arbejdet.

Han (at kunne) \_\_\_\_\_ ikke huske om hans kone (at have) \_\_\_\_\_ bedt ham om at købe ind, han (at glemme) \_\_\_\_\_

nemlig tit hvad hun (at sige) \_\_\_\_\_. Men han (at være) \_\_\_\_\_ sikker på at hun (at ville) \_\_\_\_\_ blive sur hvis han

ikke (at gøre) \_\_\_\_\_ noget så han (at bestemme) \_\_\_\_\_ at køre i supermarkedet og finde noget. Da hans kone kom hjem (at spørge) \_\_\_\_\_ hun forbavset hvorfor han havde gjort det, de var nemlig inviteret ud at spise.

## **Opgave 24**

**Þýddu setningarnar á dönsku:**

Mette fékk ekki leyfi (lov) til að fara í bæinn.

---

Louise fór í skólann og talaði við vinkonu sína.

---

Jette sat og skrifaði í bókina.

---

Stelpurnar voru að hugsa um (tænke på) að sjá bíómynd.

---

Ég sá konu sem varð mjög reið þegar (da) hún keyrði á bíl.

---

Hún hrópaði (at råbe) og kallaði (at skrige).

---

Maður sem var að labba eftir (hen ad) götunni kom og hjálpaði henni.

---

Hvar vannstu síðasta sumar? Ég var að baka brauð á kaffihúsi.

---

Robert sendi bréfið og pakkana og borgaði fyrir það.

---

Börnin lásu margar bækur og sögðu frá þeim í skólanum.


---

Þetta má æfa betur á:

<http://hyrna.vma.is/Fjarkennsla/Danska/102/dan10204a.html>

## Opgave 25

Settu sagnirnar inn í krossgátuna í réttri tíð:



### VANDRET

1. sjá – þt.
6. segja (frá) – nh.
7. tala – þt.
9. vita – nt.
10. ákveða – þt.
12. vera – nt.
13. hjálpa – lh.þt.
14. gefa – þt.
15. spryja – lh.þt.
17. skrifa – þt.
18. koma – bh.
20. gera – nt.
22. geta – þt.
23. vilja – nt.

### LODRET

1. tala – bh.
2. vinna – þt.
3. lesa – þt.
4. bíða – þt.
5. hugsa – þt.
8. brosa – nt.
9. vera – bh.
10. verða – þt.
11. taka – þt.
13. muna – lh.þt.
16. fara – þt.
17. segja – þt.
19. finna – nt.
21. ætla – nt.

Þegar þið vinnið verkefni þar sem þið eigið að setja sagnir inn í eyður skuluð þið hafa eftifarandi í huga:

**Nafnháttur** – kemur alltaf á eftir at. Einnig stýra núþálegar sagnir (kunne, ville, skulle, måtte, burde og turde) nafnhætti, þ.e sagnir sem koma á eftir þeim eiga að vera í nafnhætti. Endar yfirleitt á –e, stundum á öðrum sérhljóða.

**Boðháttur** – þar sem er verið að segja einhverjum fyrir verkum. Kemur iðulega fremst í setningar. Myndaður með því að taka –e aftan af nafnhætti.

**Nútíð** – kemur ef það er önnur aðalsögn í setningunni í nútíð, eins ef það er tímasetning sem vísar í nútíð (í dag, á morgun, í kvöld...) Einnig notuð þegar er verið að tala um framtíð. Ef það er **når** í setningu, kemur sögn í nútíð, nema þegar er verið að tala um endurtekna atburði. Mynduð með því að bæta –r við nafnhátt, en athugið þó 10 undantekningar.

**Pátið** – kemur ef það er önnur aðalsögn í setningunni í pátið, eins ef það er tímasetning sem vísar í pátið (í gær, í morgun... – og munið tímasetningar sem enda á –s). Ef það er da í setningu, eru sagnirnar í pátið, einnig þegar það er når og verið að tala um endurtekningu. Veikar sagnir enda á –te eða –ede í pátið. Sterkar sagnirnar finnið þið í orðabók.

**Lýsingarháttur pátiðar** – kemur á eftir sögnunum “**have**” og “**være**” (og einstaka sinnum “**blive**”) og nefnast þær hjálparsagnir. “Jeg har/havde **kommet** der mange gange”. “Jeg er/var **blevet** træt af det hele”. Lýsingarháttur pátiðar endar alltaf á –t. Veikar sagnir sem enda á –ede í pátið enda á –et í lýsingarhætti pátiðar, en þær sem enda á –te í pátið, enda á –t. Sterkar sagnir finnið þið í orðabók.

## Opgave 26

Fylltu sagnirnar inn í eyðurnar í réttri mynd.

arbejde	Jeg _____ her for to år siden.
blive	Hvor er du _____ stor!
begynde	Helle _____ på sin nye skole i dag.
fortælle	_____ mig om hvad du lavede i går.
få	Hvem har _____ den højeste karakter.
give	Min morfar _____ altid de bedste julegaver.
gøre	I dag _____ du alt jeg siger!
have	Jeg har virkelig _____ en lang og hård dag.

hjælpe	Hvem _____ dig sidst at reparere bilen ?
komme	_____ ind nu!
kunne	_____ du ikke se hvem der står på gaden?
læse	Sophie havde aldrig _____ så god en bog.
måtte	Du _____ godt komme på besøg i morgen.
nå	Stine _____ ikke at købe ind, før det lukkede.
ryge	Min far _____ slet ikke da han var ung.
sige	Henrik _____ at jeg måtte komme.
skrive	Nu har Mia _____ et langt brev.
se	Jeg skal slet ikke _____ denne film!
ville	Drengen _____ gerne ud i aften.
være	_____ nu sød og giv mig avisen!

Þetta má æfa betur á:

<http://hyrna.vma.is/Fjarkennsla/Danska/102/dan10204b.html>

<http://hyrna.vma.is/Fjarkennsla/Danska/102/dan10205a.html>

<http://hyrna.vma.is/Fjarkennsla/Danska/102/dan10205b.html>

## **Núþálegar sagnir**

Núþálegu sagnirnar eru 6 og er beyging þeirra sérstök að því leyti að þær hafa allar óreglulega nútíð og þátíð þeirra er eins og nafnhátturinn. Það er tvennt sem þarf að hafa í huga varðandi þessar sagnir, annars vegar er að á eftir þeim kemur alltaf sögn í nafnhætti (án at) og hins vegar að þær hafa sumar hverjar margar merkingar, sem þarf að þekkja vel.

nafnháttur	nútíð	þátíð	lýsh. þt.	þýðing
kunne	kan	kunne	kunnet	geta, kunna
skulle	skal	skulle	skullet	ætla, verða að, skulu
ville	vil	ville	villet	vilja, ætla, munu
måtte	må	måtte	måttet	verða, mega
burde	bør	burde	burdet	eiga að
turde	tør	turde	turdet	þora

### **Opgave 27**

**Þýddu setningarnar á íslensku:**

Hans kan ikke finde sin skoletaske.

---

Ole må tale med sin far hvis han skal få lov at gå ud i aften.

---

Anne–Mette turde ikke gå alene hjem i mørket.

---

Konen burde sige til sine børn at de ikke må være længe ude.

---

### **Opgave 28**

**Þýddu setningarnar á dönsku:**

Getur hann ekki komið í kvöld?

---

Kann stelpan að tala dönsku?

---

Ole ætlar að hitta (møde) okkur í dag.

---

Jakob á að fara snemma (tidligt) í rúmið.

---

Ég má ekki tala við þig.

---

Þú verður að lesa bókina.

---

## Opgave 29

### Midt om natten (Kim Larsen)

Hlustaðu á lagið, fylltu inn orðin sem vantar í textann og finndu svo minnst fjögur sagnorð í þátíð, settu í töfluna og ljúktu við hana.

Strisserne kom før vi \_\_\_\_\_ dem

*Midt om natten*

Så mig og min baby vi \_\_\_\_\_ på den igen

*Midt om natten*

De \_\_\_\_\_ gas gennem vinduerne

Så tårerne de \_\_\_\_\_ i stuerne Åh ja

*Midt om natten*

Det næste der \_\_\_\_\_ tør jeg ikke tænke på

*Midt om natten*

En fyr vi kaldte Spacey \_\_\_\_\_ den ud i det blå

*Midt om natten*

Han \_\_\_\_\_ gaden fra en femte sal

Det var ikke vores skyld, han var bare bindegal

Sagde strisserne

*Midt om natten*

De \_\_\_\_\_ os ud, da klokken den var cirka tre

*Midt om natten*

De \_\_\_\_\_ gå nu hjem, men vi spurgte, hvor er det

*Midt om natten*

Nu glæder jeg mig, til jeg \_\_\_\_\_ en gammel mand

Så \_\_\_\_\_ jeg nok et værelse med lys og med vand

Og der \_\_\_\_\_ strisserne vel næppe på besøg

Igen

*Midt om natten*

Åh mañana

Håber vi får i morgen med

nafnháttur	boðháttur	nútíð	þátíð	lys.h. þt
At vente	vent	venter	ventede	ventet

### Þolmynd

Þolmynd er sú mynd sagna þegar áherslan breytist frá þeim sem framkvæmir/gerir eitthvað (gerandinn), yfir í áherslu á þann sem verður fyrir því sem er gert (þolandinn). *Dæmi:* Jeg kørte bilen – áherslan á því hver keyrði. Bilen blev kørt af mig – áhersla á að bílum hafi verið ekið. Þolmynd er mun algengari í dönsku en íslensku.

Það eru tvær leiðir til að mynda þolmynd, annars vegar með því að nota sögnina **blive** með lýsingarhætti þátíðar af annarri sögn, sbr. hér að ofan, bilen blev kørt. Hins vegar með því að bæta –s við nafnháttinn, bilen **køres**. Þetta er sjaldan notað í þátíð (og aldrei í þátíð með óreglulegum sögnum).

### Opgave 30

Breyttu í þolmynd (með blive):

Ole kørte bilen. *Bilen blev kørt af Ole.*

Damen åbnede vinduet.

Vinduet

---

Manden lukkede døren.

---

Forfatteren har skrevet romanen.

---

Eleven lægger bøgerne i skabet.

---

Jeg fandt din skoletaske.

---

### **Opgave 31**

Breyttu í þolmynd (með -s):

Drengen læser digtet. *Digtet læses af drengen.*

Pigerne køber aviserne.

Aviserne

---

Lone betaler regningen.

---

Forældrene slukker lysene.

---

### **Opgave 32**

Þýddu setningarnar á dönsku:

Bréfin verða send á morgun. (blive)

---

Póstkassinn er tæmdur (tømme) klukkan 16.00. (-s)

---

Kakan er bökuð í klukktíma. (-s)

---

Börnin verða sótt (hente) núna. (blive)

---

Bíllinn var þveginn í gær. (blive)

---

Fötin eru þvegin á (om) kvöldin. (-s)

---

Þetta má æfa betur á:

<http://hyrna.vma.is/Fjarkennsla/Danska/202/dan20208.html>

<http://hyrna.vma.is/Fjarkennsla/Danska/202/dan20209.html>

## Upprifjun

Ljúktu við töfluna:

nafnháttur	boðháttur	nútíð	þátíð	lýsingarh. þt.
at dyrke				
	send			
		kan		
			glemte	
				sovet
			vidste	

Þýddu setningarnar á dönsku:

Maðurinn er að borða en konan er að drekka. Þau voru að tala saman á meðan (imens). Þau ættu að að hlusta á börnin en vilja bara vera í friði. Geta þau ekki hjálpað okkur að flytja húsgögnin (møbler)? Segðu mér frá hvað þú gerðir í gær. Pabbi minn hefur alltaf gefið mér flottar gjafir. Hvað ætlar þú að gera á laugardaginn? Mátt þú fara út? Hann fór í bæinn í gær. Vildu Jens og Markus ekki koma? Vertu nú almennilegur og færðu mér kaffi.

Frekari æfingar til upprifjunar finnur þú á:

<http://hyrna.vma.is/Fjarkennsla/Danska/202/dan20205.html>

## Lýsingarorð

Lýsingarorð vísa yfirleitt til nafnorða eða persónuformafna og lýsa ástandi, svo sem lögun, stærð, útliti eða lit. Þau beygjast í kyni og tölu og eru til í frumstigi, miðstigi og efstastigi.

### Opgave 33

Strikaðu undir öll lýsingarorðin í textanum:

Der var engang en ung pige som var forelsket i en høj og mørk mand.

Manden var utrolig genert og snakkede aldrig med nogen. Den unge pige prøvede at skrive et langt, kærligt brev til ham og sendte også nogle små, søde gaver men det virkede ikke. Den høje, mørke mand syntes alligevel pige var det dejligste menneske han havde set, ikke bare smuk men også frisk og livlig.

### Beyging lýsingarorða

Lýsingarorð beygjast í samræmi við þau orð sem þau standa með:

Lýsingarorð sem standa með nafnorðum í samkyni, eintölu eða vísa til einnar persónu eru óbeygð, taka enga endingu. *Dæmi*: en stor mand. Jens er stor.

Lýsingarorð sem standa með nafnorðum í hvorugkyni, eintölu eða með fornafninu det, taka –t endingu. *Dæmi*: et stort hus. Det er stort.

Lýsingarorð sem eru í fleirtölu eða beygjast ákveðið (sjá betur síðar), taka –e endingu. *Dæmi*: Store huse. Mit store hus. Þá skipta kyn engu máli.

**samkyn, eintala**  
en stor mand

**hvorugkyn, eintala**  
et stort hus

**fleirtala**  
store huse

### Opgave 34

Settu inn rétta mynd lýsingarorðanna:

**stor, stort, store**

En \_\_stor\_\_ have.

Et \_\_stort\_\_ land.

En \_\_\_\_\_ pige.

Haven er \_\_\_\_\_.

Landet er \_\_\_\_\_.

Pigen er \_\_\_\_\_.

\_\_\_\_\_ drenge.

\_\_\_\_\_ børn.

Mænd er \_\_\_\_\_.

En \_\_\_\_\_ mand.

Et \_\_\_\_\_ skab.

\_\_\_\_\_ hunde.

Et \_\_\_\_\_ dyr.

Oksen er \_\_\_\_\_.

En \_\_\_\_\_ hest.

Heste er \_\_\_\_\_.

\_\_\_\_\_ biler.

Et \_\_\_\_\_ billede.

### **høj, højt, høje**

Jens er en \_\_\_\_\_ mand. Hans barn er meget \_\_\_\_\_. Mændene på hans arbejde er også ret \_\_\_\_\_. Giraffer er meget \_\_\_\_\_ dyr. Eiffel tårnet er \_\_\_\_\_. Astrid bor i et \_\_\_\_\_ hus.

### **god, godt, gode**

Pigen har læst mange \_\_\_\_\_ bøger. Det er meget \_\_\_\_\_ at læse.

Bjarne så en \_\_\_\_\_ film i går. Alle børnene i børnehaven er \_\_\_\_\_.

Katte er \_\_\_\_\_ dyr. Norrøna er et \_\_\_\_\_ skib.

### **Ákveðin beyging lýsingarorða**

Við notum ákveðna beygingu lýsingarorða þegar við erum farin að þrengja það sem við tölum um. Það gerist í þessum tilfellum:

- Með **ákveðnum greini**. Ákveðnu greinarnir eru þrír, **den** í eintölu, samkyni, **det** í eintölu, hvorugkyni og **de** í fleirtölu.  
*Dæmi:* **Den** store mand (stóri maðurinn), **det** store hus (stóra húsið), **de** store huse (stóru húsin). **Athugið** að þetta er ólíkt íslensku og þess vegna þarf að leggja það sérstaklega vel á minnið.
- Með **eignarfornöfnum** (sjá aftar). *Dæmi:* Min store mand, mit store hus, mine store børn.
- Með **ábendingarfornöfnum** (sjá aftar). *Dæmi:* Denne store mand, dette store hus, disse store huse.
- **Í eignarfalli.** *Dæmi:* Pias store mand, Oles store hus, Jenses store huse.

Fyllið út í töfluna:

EINTALA		FLEIRTALA	
óákveðið	ákveðið	óákveðið	ákveðið
en sød pige	den søde pige	søde piger	de søde piger
et stort hus	det store hus	store huse	de store huse
en grim hund		grimme hunde	
	det gamle hus		de gamle huse
en stor kat		store katte	
en gul bil			de gule biler
<b>EN / ET (+t)</b>	<b>DEN / DET</b> <b>lys. orð + e</b>	<b>lys.orð + e</b>	<b>DE</b> <b>lys. orð + e</b>

**Opgave 35**

Skoðaðu vel muninn á beygingunum þegar nafnorðin standa ein og þegar þau standa með lýsingarorðum. Fylltu inn það sem vantar í töfluna:

óákv. et	ákv. et	óákv. ft	ákv.ft
en <b>dag</b>	dagen	dage	dagene
en lang dag	den lange dag	lange dage	de lange dage
<b>et hus</b>			
et højt hus			
<b>en pige</b>			
en ung pige			

<b>et land</b>			
et stort land			

## **Opgave 36**

**Þýddu setningarnar á dönsku:**

Glaður maður fór út að labba (at gå) með stóra hundinn.

---

Stóri hundurinn hitti (at møde) lítinn kött.

---

Litlir kettir eru stundum hræddir við (for) stór dýr.

---

Litlu börnin leika sér aldrei við hættulega (farlig) stráka.

---

Ung kona er að fara í bæinn að sjá skemmtilega (sjov) bíómynd.

---

Stelpan fór í dökka (mørk) jakkann og hvítu skóna.

---

Langa gatan er ekki jafn (så) vinsæl og (som) sú stutta (stutta gatan).

---

Rauði bíllinn er mjög flottur en sá græni (græni bíllinn) er það ekki.

---

Þetta má æfa betur á:

<http://hyrna.vma.is/Fjarkennsla/Danska/202/dan20203a.html>

## Undantekningar

- **Lille** breytist í fleirtölu og verður **smá** (**athugið** að þetta er eina undantekningin sem á bara við um breytingar úr eintölu í fleirtölu, hinar breytingarnar eiga sér líka stað þegar lýsingarorð beygjast ákveðin.)

### eintala, samkyn

lille

### eintala, hvorugkyn

lille

### fleirtala

smá

- Orð sem enda á –t og –sk eru eins í samkyni og hvorugkyni.  
kort  
dansk

kort

dansk

korte

danske

- Orð sem enda á –e og flest sem enda á –s eru alltaf eins.  
bange  
fælles

bange

fælles

bange

fælles

- Orð sem enda á sérljóða fá ekki –e endingu.  
blå

blåt

blå

- En athugið þó

ny  
fri

nyt  
frit

nye  
frie

- Orð sem enda á –et breyta endingunni í –ede í fleirtölu og ákveðinni beygingu.  
snavset

snavset

snavsede

- Orð sem enda á –el, er, og –en víxla endingunni í fleirtölu og ákveðinni beygingu (þetta kallast brottfall, vegna þess að í raun hefur fallið niður –e inni í orðinu – voksen verður ekki voksene, heldur voksne).

sulten

sultent

sultne

- Í orðum sem að auki hafa tvo eins samhljóða, fellur annar þeirra niður.

gammel

gammelt

gamle

- Stutt orð sem enda á samhljóða, bæta öðrum samhljóða við í fleirtölu / ákveðinni beygingu (sjá orðabók) og í stigbreytingu.  
smuk

smukt

smukke

## Opgave 37

Settu lýsingarorðin rétt inn í eyðurnar:

dansk	Min ven er _____.	Dette skib er _____.
	Disse turister er _____.	Den _____ dronning.
gammel	En _____ dame.	Et _____ bord.
	Se disse _____ mænd!	Det _____ hus.
stribet	Jeg har en _____ hue.	Det er et _____ slips.
	Mange _____ jakker.	Den _____ skjorte.
voksen	Det er en _____ mand.	Et _____ menneske.
	Nogle _____ kvinder.	De _____ mennesker.


## Opgave 38

Strikaðu undir rétta beygingu lýsingarorðanna.

Søren bor i et **ny – nyt – nye** hus på en **lille – små** villavej ca. tre km fra centrum. Hver fredag efter arbejde kører han sin **rød – rødt – røde** bil ind i byen. I dag var det meget **varm – varmt – varme** så han kørte med **åben – åbent – åbne** vinduer hele vejen hjem. Da han kom hjem, gik han ned i den **mørk – mørkt – mørke** kælder og hentede en **kold – koldt – kolde** øl. Så gik han op og satte sig i en **dyb – dybt – dybe** lænestol og begyndte at drikke den **kold – koldt – kolde** øl. Da klokken var næsten halv otte, lukkede han op for sit **gammel – gammelt – gamle** fjernsyn fordi han ville se TV–avisen. Efter TV – avisen så han en **kort – korte** udsendelse om USAs **ny – nyt – nye** præsident, og bagefter var der en **lang – langt – lange** diskussion om den **politisk – politiske** situation i Mellemøsten.

## Opgave 39

Settu lýsingarorðin rétt inn í krossgátuna:



### VANDRET

2. fallegur – fleirtala
4. latur – fleirtala
6. danskur – hvorugkyn
9. blár – fleirtala
11. erfiður – hvorugkyn
12. kyrr – hvorugkyn
13. ljós – samkyn
14. svangur – fleirtala
16. gamaldags – fleirtala
17. duglegur – hvorugkyn
21. nýr – hvorugkyn
22. tómur – fleirtala

### LODRET

1. áhugavert – hvorugkyn
2. spennandi – fleirtala
3. gammall – fleirtala
5. flottur – fleirtala
7. stuttur – samkyn
8. skítugur – fleirtala
10. ódýr – hvorugkyn
15. harður – hvorugkyn
18. grænn – fleirtala
19. þreyttur – fleirtala
20. lítill – fleirtala

## Opgave 40

Settu lýsingarorðin í réttri mynd í eyðurnar:

- |            |                                       |
|------------|---------------------------------------|
| gul        | Kan du lide den _____ sweater?        |
| sort       | Nej, jeg kan bedre lide den _____.    |
| flot       | Har du set Stines _____ støvler?      |
